Hægláti Ameríkumaðurinn

Sýning Björns Birnir á Kjarvalsstöðum

Einhver hljóðlátasti myndlistarmaður okkar er ef til vill Björn Birnir, sem hélt sína fyrstu sýningu í Norræna húsinu, árið 1977, eftir að hafa unnið að myndlist í tæpan áratug, eftir kennslu um umfagnsmikið myndlistarnám, heima og erlendis.

Sýning hans í Norræna húsinu vakti talsverða athygli, því þá virtist enginn muna það lengur, að hann væri myndlistarmaður.

Einhverra hluta vegna sá undirritaður ekki þá sýningu, sem er dálítið bagalegt nú, þegar listamaðurinn kemur með aðra sýningu, eftir að hafa unnið að myndlist og stundað listnám við Indiana State University, en þar dvaldi hann um 2-3 ára skeið.

Hann kemur nú heim með föng sín, eins og hljóðláti Ameríkumaðurinn og stofnar til sýningar í vestursal Kjarvalsstaða.

Það er fengur að því að fá nú, eftir nokkurt hlé, að sjá bandaríska vinnu í myndlist, fá svona „hæglátan Ameríkumann" í heimsókn. Það er úrvinnslu úr nýjum myndheimi.

Ísland og amerísk myndlist

Að vísu sóttu margir af þekktari myndlistarmönnum okkar nám í Bandaríkjunum á stríðsárunum og eftir stríð, þegar Danmörk var lokuð og París líka, en skandinavísk, akademísk myndhefð hefur löngum tröllriðið íslensku myndlistarlífi og viðfangsefnum, þannig að segja má frá myndlistarlegu sjónarmiði að flestir málarar á Norðurlöndum séu að bauka við sömu myndina og máli eins og danskir prófessorar. Þetta er að vísu traustur skóli og vandaður, en orðinn býsna þreytandi upp á síðkastið. Þjóðareinkenni eiga og hljóta að verða uppistaðan í allri myndlist, sem þróast á eðlilega.

Það er engum vafa bundið, að Björn Birnir hefur orðið fyrir verulegum áhrifum af bandarískri nútímalist, eða vissum greinum hennar. Hefur sótt þangað drjúg föng, og listunnandi er ég hitti á Kjarvalsstöðum sagði, að Björn hefði greinilega gjört góða ferð vestur um haf.

Það er ef til vill að finna nokkur sannleikskorn í því, sem prófessor Charlegs Reddington segir um myndir Björns, en hann kenndi honum vestra. Hann segir:

„Fyrsta kennslumisserið í Ríkisháskólanum í Indiana, í Terre Haute, var erfitt. Björn var ekki viss um að hverju hann var að leita, en nógu skynsamur til að skilja að vaxtarþörf hans sem listamanns krafðist þjálfunar í einbeitingu í einhvers konar námsferli, svo sem listaskóla. Örðugleikarnir voru miklir: Áföllin voru fá, og uppskeran bætti þau fyllilega upp.

Til þess að skilja hin nýju áhrif bandarísks landslags í málverkum Björns Birnir, er mikilvægt að skilja myndræn einkenni þessa hluta Bandaríkjanna, miðvesturríkjanna. Terre Haute er í suðvestur Indiana og liggur að Illinois, meðfram Wabash ánni. Borgin er milli Indianapolis og St. Louis, við mestu austur-vestur hraðbraut Bandaríkjanna. Chicago er um 320 km beint í norður. Sléttunar í kring, sem mynduðust á síðustu ísöld í Norður-Ameríku urðu að eins konar affallskerfi fyrir Vötnin Miklu. Á þessari viðáttu er engin hæð eða fell, sem rísi undir nafni, svo hundruðum kílómetra skiptir, og salt vatn hvergi nær en 1300 kílómetra. Umhverfi af þessu tagi er sannarlega til þess fallið að vekja heimþrá hjá þeim, sem áður hefur búið við sjó. Björn var engin undantekning. Hann notaði þessar andstæður til þess að ummynda sléttuna í víðfema íslenska Paradís.

Þrátt fyrir mikla beitingu sí-endurtekinna flata, hafa litirnir alltaf haldist íslenskir. Þessir mildu, hægu tónar, sem ég skynja sem Ísland, skiptast skarpt á við láréttar línur og lóðréttar, og endrum og eins ákveðnar skálínur — einmitt stefið úr málverkum frá Indiana. Rúmið er afmarkað til þess að komast hjá þreytandi tilraunum til að breyta endalausum flötum í dýpt, en umbreytt með hönd skáldsins í samlyndi hafs og lands".

Jónas Guðmundsson
MYNDLIST

Myndirnar á Kjarvalsstöðum

Ég held að unnt sé að taka undir flest sem þarna er sagt, nema ef vera kynni þetta með „íslenska liti". Leita verður nokkra áratugi aftur í tímann til svo mildra lita, og þeirra loðhrímstóna er þarna eru notaðir. Við sáum þessa liti í eldri verkum Sverris Haraldssonar á sínum tíma, hjá Valtý Péturssyni og Sigurði Sigurðssyni. Íslensk litastefna á vorum dögum er miklu afdráttarlausari en þarna er notuð.


Á sýningu Björns Birnir eru um 55 verk, málverk, teikningar, blönduð tækni, og vinnubrögðin eru ávallt yfirveguð og þótt sumar myndirnar virðast ekki fullkláraðar, þ.e. hjálparlínur standa áfram og ekki er búið að fylla út í hvern myndflöt, þá veldur það ekki neinni truflun.

Það þekkja margir myndlistarmenn að það er vont að mála í útlöndum, finna mótív úti, hvort sem það er í bæjum eða úti í sveitum. Menn verða helst að lifa með myndheimi sínum lengi, til að skilja og skilgreina.

Að vísu er þetta misjafnt, eins og einstaklingarnir eru misjafnir, en það verður fróðlegt að fylgjast með, þegar Björn Birnir sýnir næst, verk unnin í íslensku umhverfi.

Mér skilst að sýningu Björns ljúki í byrjun þessarar viku og ættu sem flestir að sjá hana.

Jónas Guðmundsson.



Málverk eftir Björn Birnir.

GM VAUXHALL OPEL CHEVROLET GMC TRUCKS

Ch. Malibu Classic station	'78	8.500
Pontiac Grand Prix	'78	9.950
Opel Record 4d L	'77	5.500
Vauxhall Viva de lux	'77	3.300
Oldsm. Cutlass Brough. D	'79	12.000
Mazda 929, 4ra d.	'74	3.200
Ch. Malibu Classic	'78	7.700
Ch. Blazer Cheyenne	'76	7.800
Ford Cortina	'71	1.000
Ch. Blazer Cheyenne	'77	9.000
Ch. Nova Custom 2d.	'78	7.300
Galant	'79	6.500
Ford Maveric 2ja d.	'70	2.000
Lada 1600	'78	3.500
Scout II VI, sjálfsk.,	'74	3.800
Range Rover	'75	8.500
F. Cortina 2000 E	'76	4.000
Mazda 323 - d.	'80	5.800
Ford Bronco Ranger	'76	6.500
Ch. Malibu Classic station	'79	10.300
Ch. Caprice Classic	'78	9.500
M. Bens 230, sjálfsk.	'72	5.200
Ch. Nova Conc. 2ja d.	'77	6.500
VW Passat	'74	2.700
Lada Sport	'79	4.900
Ford Fairmont Dekor	'78	6.300
Peugeot 304 station	'77	4.900
Lada Topaz 1500	'78	3.200
Ch. Suburban m/framdrifi	'69	2.500
Pontiac Grand Le Mans	'78	10.300
Oldsm. Delta diesel	'79	10.000
Toyota Cressida 5 gíra	'78	6.000
Mazda 929 station	'76	4.300
Austin Mini	'75	1.600
Austin Allegro	'79	4.000
Datsun 220 C diesel	'72	2.200
Ch. Nova Concours 2d	'78	7.500
Range Rover	'76	9.500
Mazda 626 2,0	'80	7.100
Datsun 220 C diesel	'77	6.000
Ch. Malibu Sedan sjálfsk.	'79	8.500
Ford Bronco V8, sjálfsk.	'74	4.800
Man vörubifreið	'70	9.500

Samband Véladeild
ÁRMÚLA 3 · SÍMI 38900

— hlustaðu þá ka

ríki. Hún er smávaxin og dökkhærð og geislar af fjöri og áhuga á mönnum og málefnum. Þessi hæfileiki, ásamt reynslu hennar af ferðum um fjölda landa, kemur henni að notum í bók hennar þar sem hún á gamansaman hátt fjallar um ýmsar sálarkreppur miðaldrafólks og staðlaðar hugmyndir, hrukkur, slakandi vöðva og þverrandi kynorku. Kaflar eins og „Keppinauturinn ungi", „Eldri konur og yngri menn", eru byggðir á eigin reynslu Kubelku og þar lýsir hún hlutunum af furðulegri hreinskilni.

Frá því er hún var barn í Linz í Austurríki, þráði hún alltaf að búa erlendis. Faðir hennar stjórnaði kammerhljómsveit og ferðaðist mikið. Eftir að hafa lokið kennaraskólanámi í Vín flutti hún til Parísar, 19 ára gömul. „Ég elskaði París frá byrjun," segir hún. „Vín var svo grá á þessum tíma, — eins og fangabúðir."

Í París hitti hún Englending, sem hún giftist og þau ferðuðust saman til Ástralíu, Indlands og Suð-Austur Asíu, en förin loks til London 1967. „Ég vann ekkert, þar sem honum þótti ófínt að ég ynni," segir hún. „Svo byrjaði ég að læra að nýju." Eftir því sem hún kynntist Englandi betur, tók hún að þreytast á hjónabandinu. „Við áttum ekkert sameiginlegt," sagði hún.

Þau skildu og hún fór til Vínar. Brátt komst hún í tygi við kvæntan bandarískan blaðamann. Hann bjó í París og hún tók sig senn upp og flutti til Parísar 1974.

„Ég var sífellt að viða að mér efni í bók, án þess að gera mér það ljóst," segir hún. „Þegar ég fór til Montmartre sá ég að elsta vændiskonan var sú vinsælasta. Ég tók eftir því að hinar eldri konur voru aðnjótandi meiri athygli og aðdáunar."

Líf hennar með kvæntum manni varð uppistaðan í kaflanum „Keppinauturinn ungi". „Þetta er byggt á minni eigin reynslu. Þarna segir frá yngri konu, sem nær manninum að vísu frá mér, en hann kemur sífellt aftur. Auðvitað skildi maðurinn ekki, því hann vill hafa konurnar báðar. Fjöldi karla gefur sig að yngri konunum, vegna þess að þær eldri er ekki svo létt að leika á."

Þótt hún væri bara „vinkonan" í augum kunningja elskhugans, var hún sífellt að skrifa greinar fyrir „Die Presse." Þegar hún sréri á ný til Vínar 1977, til þess að taka háskólapróf, réði blaðið hana til sín. Hún talar reiprennandi frönsku og ensku og höfuðatvinna hennar varð því að eiga viðtöl við frægt fólk, sem talaði þessi mál, fremur en þýsku. Hún vakti mikla athygli fyrir tveimur árum, þegar hún fékk viðtal við drottningu Spánar, en viðtalið olli úlfaþyt, vegna ummæla drottningar um kommúnisma.

Viðbrögð við greinaskrifum

Hún ritaði grein sem hét, „Það er gaman að eldast," og var hún byggð á viðtölum við fólk sem hún vann með og einnig fólk eins og tískufrömuði og kvikmyndastjörnur. „Ég fékk tugi upphringinga. Konur skrifuðu mér í tvo eða þrjá mánuði. Ég fann að ég varð að skrifa bók."

Ástarsambandið við ameríska blaðamanninn dó náttúrulegum dauða og síðustu 2-3 ár hefur Kubelka búið í ástríku sambandi með 23 ára gömlum tónlistarstúdent. Þar kom efnið í kaflann „Eldri konur og yngri menn."

„Í fyrsta sinn bý ég nú með manni, sem ekki reynir að ráða yfir mér," segir hún. „Menn á þrítugsaldri hafa aðra afstöðu til hlutanna, en menn, sem komnir eru yfir fertugt. Þeir eru ekki hræddir við að vera blíðir. Þeir hafa ekki áhyggjur af hrukkum né gráu hári, því engu slíku er fyrir að fara. Vinir kunningja hennar, sem eru jafn gamlir systurdóttur hennar, sýna henni athygli. „Konur um 25 ára aldur eru eindæma leiðinlegar og heimskar," segir hún, svo ég nýt allrar athyglinnar."

Í bók sinni ber hún saman afstöðu til eldri kvenna í Frakklandi, þar sem þær hafa verið virtar frá öndverðu og afstöðuna í Englandi og Ameríku. „Óttinn við að eldast er amerískur ótti, sem hófst eftir aðra heimsstyrjöld," segir hún. „Þegar svo margir höfðu verið drepnir vantaði nú konur til að ala börn og unga konan var auglýst upp í kvikmyndum."

Hrukkur og gildi

Frá þessum tíma hefur æskudýrkunin verið við lýði. „Harpers Bazaar helgaði heilt tölublað eldri konum, en þar var aðeins komið að ytra borðinu," segir hún full fyrirlitningar. „Þar var rætt um hvernig leyna skyldi hrukkum, frekar en að segja hvernig auka ætti sjálft gildi manneskjunnar. „Kvenréttindakonur hafa bent á að í bókinni ræði hún um einstaklinga, en gleymi að taka þjóðfélagið fyrir. „Fólk verður að bjarga sér hver fyrir sig, en ekki bíða eftir að þjóðfélagið breytist," svarar hún þessu.

Þótt hún telji sig senn verða að fara frá Austurríki, sækir hún flest rök bókarinnar til hinnar austurrísku fjölskyldu sinnar. Móðir hennar var 42ja ára, þegar Kubelka fæddist og einn fyrsti kaflinn heitir: „Eldri konur eru betri mæður."

„Hin ungverska amma mín giftist tvítugum manni, þegar hún var 76 ára," segir Kubelka. „Þegar hún dó, 86 ára, voru þau enn saman."

„Þetta er meginefni bókarinnar," segir hún. „Það er ekki æskan, heldur straumarnir og persónuleikinn, sem máli skiptir. Það er meira atriði en húðhreinsun og farði. Þú ferð að eldast tvítugur. Þá er þegar kominn tími til að læra að gefa, svo fólk verði ástar aðnjótandi þegar fram í sækir."



Göngum ávallt vinstra megin á móti akandi umferð . .

UMFERÐAR RÁÐ